

# Yfirlýsing frá þingflokki Vinstri grænna vegna ummæla Björns Bjarnasonar

26. janúar 2009

Vegna órökstuddra ásakana af hálfu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra í garð einstakra þingmanna VG vill þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs koma eftirfarandi á framfæri:

Þingflokkur Vinstri grænna fordæmir harðlega hvers kyns ofbeldi, sama hver í hlut á. Ofbeldi í garð lögreglunnar er aldrei og undir engum kringumstæðum réttlætanlegt.

Friðsamleg mótmæli og andóf eru mikilvægir hlekkir virkrar þátttöku í lýðræðisríki og það er ekki að undra að fólk rísi nú upp gegn því órétti og ranglæti sem hefur fengið að viðgangast í samfélaginu. Slík mótmæli beinast ekki gegn góðri löggæslu heldur gegn vanhæfum stjórnvöldum og þeim sem ábyrgðina bera.

Að mati þingflokks VG hefur lögreglan almennt sýnt aðdáunarverða þolinmæði og umburðarlyndi sem hefur komið í veg fyrir frekara ofbeldi. Fyrir það á lögreglan hrós skilið og sama gildir um mótmælendur sem af hugrekki slóu skjaldborg um lögreglumenn til að verja þá gegn árásum. Samtakamátturinn var þannig virkjaður til að útiloka frekara ofbeldi og slíkt vekur vonir um að okkur Íslendingum takist að vinna okkur út úr aðsteðjandi erfiðleikum með friðsamlegri samstöðu.

Tilraunir Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra til að slá ryki í augu fólks með yfirlýsingum eins og þeirri að tilteknir þingmenn VG hafi "beinlínis veist að lögreglunni" eru veruleikafirrt og eiga sér enga stoð í sannleikanum. Það er ábyrgðarhluti að yfirmaður dómsmála í landinu skuli viðhafa slíkar dylgjur og blekkingar í pólitískum tilgangi.

Gríðarlegt álag er á hinni almennu löggæslu í landinu sem hefur mátt þola mikinn niðurskurð og erfiðar vinnuaðstæður á síðustu árum. Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sendir þeim baráttukveðjur og minnir á að það er hlutverk okkar allra að vernda góða löggæslu á sama hátt og hún verndar okkur.